

**Jón Ingi Þorvaldsson**

**Sannindi ummæla sem  
ábyrgðarleysisástæða í meiðyrðamálum**

**- BA ritgerð í lögfræði -**



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

**Umsjónarkennari: Eiríkur Jónsson**

**Lagadeild Háskóla Íslands**

**Febrúar 2009**

**Jón Ingi Þorvaldsson**

**Sannindi ummæla sem  
ábyrgðarleysisástæða í meiðyrðamálum**

**- BA ritgerð í lögfræði -**



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

**Umsjónarkennari: Eiríkur Jónsson**

**Lagadeild Háskóla Íslands**

**Febrúar 2009**



## EFNISYFIRLIT

1. Inngangur .....	5
2. Forsaga æruverndar .....	5
3. Æra .....	6
4. Ábyrgðarleysisástæður .....	8
5. Aðgreining gildisdóma og staðreynda.....	8
6. Sannindi ummæla .....	9
6.1 Gildandi réttarreglur .....	9
6.2 Rök með reglunni og á móti .....	12
7. Sönnunarkröfur.....	14
7.1 Almenn um sönnun í refsimálum og einkamálum .....	14
7.2 Sönnunarkröfur þegar um „exceptio veritatis”er að ræða.....	16
7.2.1 Aðdróttað er um að hinn meiðyrti hafi gerst sekur um refsivert athæfi.....	16
7.2.2 Glæpsamlegir eða vansæmandi eiginleikar bornir á menn .....	17
7.2.3 Tímasetning ummæla .....	17
7.2.4 Ónákvæmni í ummælum .....	17
7.2.5 Vægari sönnunarkröfur í tilteknum aðstæðum.....	18
8. Undantekningar frá „exceptio veritatis” .....	19
8.1 Form ummæla .....	20
8.2 Tilefni ummæla .....	21
8.3 Ummæli um afbrot eða afglöp sem langt er liðið frá .....	21
8.4 Hvatir ummæla .....	22
8.5 Meiðandi ummæli sem skerða lögvarða hagsmuni .....	23
9. Réttarfarsatriði.....	23
10. Lokaorð .....	25
HEIMILDASKRÁ .....	26
DÓMASKRÁ .....	27

## 1. Inngangur

Ærumeiðingar eru brot á lögum og settum reglum sem löggjafinn hefur talið nauðsynleg til verndar æru manna. Um langan tíma hefur æran notið verndar í almennum hegningarlögum nr. 19/1940(hér eftir oft nefnd hgl.) en einnig er kveðið á um vernd hennar í skaðabótalögum nr. 50/1993. Skaðabótamálin hafa verið meira áberandi á síðustu árum og ekki síst í ljósi þess að þjóðþekktar persónur hafa átt aðild að þeim í mörgum tilfellum. Upplýsingaflæðið verður meira með hverjum deginum og opnast nýjar leiðir reglulega til að koma upplýsingum og skoðunum sínum á framfæri. Því er ekki ólíklegt að á komandi árum muni reyna en frekar á meiðyrðalöggjöf enda gott orðspor gífurlega mikilvægt í harðnandi samkeppni í lífinu.

Tvær mikilvægar grundvallarreglur í stjórnarskránni rekast á þegar unnið er úr lögum sem taka á ærumeiðingum. Þessar grundvallarreglur eru tjáningarfrelsið 73 gr. stjórnarskrár Íslands nr. 33/1944(hér eftir nefnd stjsk.) og friðhelgi einkalífs 71. gr. stjsk. Tjáningarfrelsið er mikilvægt í nútíma þjóðfélagi og hefur almenningur rétt á því að öðlast þekkingu og viðra hugmyndir sínar án afskipta stjórnvalda eða annarra. Það sama á við um mikilvægi friðhelgi einkalífs, upplýsingaflæðið er mikið og vernd einkamálefna bíður þess oft en ekki hnekkir.

Í eftirfarandi umfjöllun mun verða beint sjónum að meginreglunni um „exceptio veritatis“ sem hægt er að nefna á íslensku sannindi ummæla sem ábyrgðarleysisástæða. Við þá umfjöllun er nauðsynlegt að fjalla einnig almennt um ærumeiðingar ásamt hugtökum og lagagreinum.

Þessi meginregla á djúpar rætur og er ekkert nýmæli í íslenskri löggjöf. Markmiðið með umfjöllun þessari er að skýra frá helstu grunnskilyrðum og réttaráhrifum reglunnar. Farið verður yfir þær sönnunarkröfur sem gerðar eru og nokkrar undantekningar sem bæði hafa myndast í dómaframkvæmd og lögfestar hafa verið. Ætlunin er ekki að fjalla um þetta efni með tæmandi hætti heldur gefa innsýn í það hvernig reglunni „exceptio veritatis“ hefur verið beitt í íslenskri dómaframkvæmd.

## 2. Forsaga æruverndar

Lagaákvæði sem taka á ærumeiðingum eiga sér langa sögu og það er ljóst að mönnum hefur löngum ekki þótt það ásættanlegt að heimilt væri að móðga eða dreifa rógburð um náungann. Margar aldir aftur í tímann má finna í skráðum lögbókum ákvæði um ærumeiðingar. Þær lögbækur sem helst ber að nefna og eru áræðanlegar heimildir eru Grágás, Járnsíða og Jónsbók. Þau ákvæði um ærumeiðingar sem giltu einna lengst voru ákvæði Jónsbókar eða allt

frá 1282 til 1838. Á árum þessum voru gerðar fáar breytingar á þessu sviði en þær helstu voru með konungsbréfi frá 20. mars 1563 og tilskipun frá 27. sept. 1799. En með konungstilskipun árið 1838 voru fyrirmæli dönsku laga Kristjáns konungs fimmta lögboðin. Árið 1869 voru sett hér á landi af konungi almenn hegningarlög. Slík lög voru lögtekin í Danmörku árið 1866 og árið eftir lagt frumvarp um þau fyrir Alþingi Íslendinga. Hegningarlögin frá 1869 um ærumeiðingar giltu allt þar til hegningarlögin frá árinu 1940 voru lögtekin.<sup>1</sup>

Reglan um „exceptio veritatis“ er upprunnin úr Rómarrétti en hún hefur þá þýðingu að ekki verði refsað fyrir sönn ummæli. Meginregla þessi hefur skipað sér sess í meiðyrðalöggjöf margra nágrannalanda og þar ber helst að nefna Danmörku og Noreg. Það er ótvírætt að þessi regla er almennt viðurkennd í íslenskum rétti en löggjafinn og dómstólar byggja á henni<sup>2</sup>

Bæði þegar nágildandi hegningarlög og hegningarlögin frá 1869 voru sett sögðu þau ekki hreint út að meginreglan „exceptio veritatis“ ætti að gilda en þó hafa verið dregnar ályktanir af ákvæðum þeirra um að hún gildi. Ef nánar eru skoðuð íslensku hegningarlögin frá 1940 þá hafa þau ekki almenn fyrirmæli um meginregluna en það liggur fyrir að meginreglan byggir á viðurkenndri túlkun eldri hegningarlaganna og skýrri dómvenju. Íslensk dómvenja byggir á því að sannindi ummæla valdi sýknu og hefur gert það fram til 1940.<sup>3</sup>

Í almennum hegningarlögum nr. 19/1940 eru nokkur ákvæði sem kveða á um að sannindi ummæla leysi ekki undan ábyrgð í vissum undantekningartilfellum. 237. gr. og 1. mgr 238. gr. eru þessar lögfestu undantekningar sem gera það að verkum að reglan um sannindi ummæla er ekki fortakslaus. Jafnframt má ráða það af ákvæðum þessum að á reglunni um sannleiksgildi ummæla sé að meginstefnu byggt í íslenskum rétti og einnig af frumvarpi sem varð að lögum nr. 19/1940.<sup>4</sup>

### 3. Æra

Þar sem umfjöllun þessarar ritgerðar beinist að ærumeiðingum er rökrétt að gera grein fyrir hugtakinu æra. Það getur þó verið erfitt að skilgreina nákvæmlega hvað felst í æruhugtakinu en íslenskir fræðimenn hafa þó sett sínar skilgreiningar fram.

Orðið æra getur haft í mæltu máli ýmsar ólíkar merkingar en í fyrsta lagi getur æra táknað þátt í persónulegu gildi manns, svipað og heiður. Einnig hefur verið talað um tilfinningu manns fyrir heiðri sínum, sómatilfinningu. Æra getur enn fremur merkt álit eða dóm manna um einhvern ákveðinn einstakling. Að lokum hefur æra verið talin sem skilyrði ýmissa

<sup>1</sup> Gunnar Thoroddsen: *Fjölmaeli*, bls. 113-114.

<sup>2</sup> Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 209.

<sup>3</sup> Gunnar Thoroddsen: *Fjölmaeli*, bls. 201-203.

<sup>4</sup> Eiríkur Jónsson: „Miskabætur vegna ólögsmætrar meingerðar gegn æru“, bls. 45.

borgaralegra eða pólitískra réttinda en oftast en ekki er talað um „uppreist æru“ þegar einstaklingur fær aftur þau töpuðu réttindi sem verknaður hans olli.<sup>5</sup>

Tvær skoðanir eru ríkjandi um nánari útfærslu á hugtakinu æra og hafa fræðimenn greint á milli þeirra skoðana. Sumir segja að æran tákni manngildið sjálft, hegðun, breytni og eiginleika manns. Hin skoðunin er sú að æran sé að lögum í raun ekki gildi manns heldur hugmynd, álit eða dómur um þetta gildi. Íslenskir fræðimenn sem hafa hallast að seinni skoðuninni, eru t.d Einar Arnórsson, Gunnar Thoroddsen og Þórður Eyjólfsson.<sup>6</sup>

Þegar gerð er árás á æru manns með einhverjum hætti er vanalega talað um ærumeiðingu. Þessi árás getur verið áburður eða aðdróttun sem veldur því að álit almennings á aðilanum bíður hnekkis. Algeng árás er móðgun en hún getur meðal annars verið sett fram skriflega eða munnlega. Útbreiðsla móðgana eða aðdróttana er einnig alvarleg árás á æru manns en eins og sést þá eru ýmsar leiðir til að meiða æru manns. Í íslenskum rétti er það grundvallarregla að æra manns skuli vera friðuð gegn óréttmætum árásum.<sup>7</sup>

Í almennum hegningarlögum er ærumeiðingum skipt í tvo meginflokka og hefur þessi aðgreining þýðingu að lögum en flokkarnir eru móðganir og aðdróttanir. Dómstólar verða að gæða hugtakið móðganir lífi þegar reynir á það því engin bein skilgreining er í lögnum sjálfum. Öðru máli gegnir um aðdróttanir en þær eru að nokkru skilgreindar í 235. gr. hgl., en aðdróttun felst í áburði á hendur öðrum manni um eitthvað „sem verða myndi virðingu hans til hnekkis.“<sup>8</sup>

Æran nýtur ríkrar verndar stjórnarskrárinnar og einnig Mannréttindasáttmála Evrópu. Í 1. mgr. 71. gr. stjks. kemur fram að allir „skulu njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu.“ Ekki er sagt hreint út að æran njóti verndar ákvæðisins en það er þó óumdeilt því árásir á æru manna ganga næri persónu þeirra og tilfinningalífs. Þar með telst með réttu röskun á friðhelgi einkalífs en Hæstiréttur hefur staðfest þetta með berum orðum í *Hrd. 2002, bls. 1212 (306/2001)*.<sup>9</sup>

Taka þarf þó líka tillit til tjáningarfrelsisins sem er tryggt í 73. gr. stjks. en við úrlausn í meiðyrðamálum þarf að finna hæfilegt jafnvægi milli tjáningarfrelsis og æruverndar. En í 3. mgr. 73. gr. stjks. eru ákveðnar undantekningar heimilaðar frá tjáningarfrelsinu. Þar kemur skýrt fram að að tjáningarfrelsið megi skerða vegna mannorðs annarra enda sé skerðingin gerð með lögum, teljist nauðsynleg og samrýmist lýðræðishefðum. Í 2. mgr. 10. gr.

<sup>5</sup> Gunnar Thoroddsen: *Fjölmaeli*, bls. 127.

<sup>6</sup> Eiríkur Jónsson: „Miskabætur vegna ólögætrar meingerðar gegn æru“, bls. 30.

<sup>7</sup> Einar Arnórsson: „Meiðyrði og meiðyrðamál“, bls. 124.

<sup>8</sup> Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 199-200.

<sup>9</sup> Eiríkur Jónsson: „Miskabætur vegna ólögætrar meingerðar gegn æru“, bls. 38.

Mannréttindasáttmála Evrópu eru einnig heimilaðar ákveðnar undantekningar líkt og í 3. mgr. 73. gr. stjks.<sup>10</sup>

#### 4. Ábyrgðarleysisástæður

Þegar farið er yfir bæði lagareglur og dómaframkvæmd í refsirétti má sjá að ákveðnar refsileysisástæður eru fyrir hendi ef ákveðin skilyrði eru uppfyllt. Ef meiðyrðamál eru skoðuð sérstaklega sést það glögglega af dómaframkvæmd að nokkrum refsileysisástæðum eða ábyrgðarleysisástæðum hefur verið beitt. Þar ber helst að nefna orðhefnd, rýmkað tjáningarfrelsi og sannindi ummæla en það síðast nefnda er til umfjöllunar hér. Ef athugað er hvað gerist í lagalegum skilningi þegar ábyrgðarleysisástæða er talin fyrir hendi í meiðyrðamáli getur það verið svolítið óljóst hver réttaráhrifin eru nákvæmlega sem leiða til sýknu. Er ástæða sýknunnar að háttsemin teljist ekki saknæm, telst hún ekki ólögmat eða er meingerð í skilningi ákvæðisins ekki fyrir hendi? Þessi skilyrði eru öll mjög nátengd hvert öðru auk þess sem réttaráhrif ábyrgðarleysisástæðnanna virðast í ýmsum tilvikum fyrst og fremst leiða af skilyrðum 3. mgr. 73. gr. stjks.<sup>11</sup>

#### 5. Aðgreining gildisdóma og staðreynda

Það getur verið vandasamt að sanna meiðandi efni ummæla t.d þegar einhver hefur sagt að aðili sé „kjáni“ eða jafnvel „hálfviti“. Fram kemur í *Hrd. 1993, bls. 1409.* um þau ummæli að B stundaði hryðjuverkastarfsemi í Fríkirkjusöfnuðinum, að ekki væri hægt að sýna fram á réttmæti þeirra með beinni sönnun. Það hefur verið gerður mikilvægur greinarmunur á staðhæfingum um staðreyndir og gildisdómum hinsvegar hjá Mannréttindadómstól Evrópu. Hjá dómstólnum hefur verið lögð áhersla á að gildisdómar njóti aukinnar verndar umfram ósannaðar staðreyndir. Rökin fyrir því eru m.a að staðhæfingar um staðreyndir sé mögulegt að sanna með almennt viðurkenndum aðferðum í réttarfari en gildisdómar verði ekki sannaðir með sambærilegum hætti. Dómstóllinn hefur því talið það óheimila skerðingu tjáningarfrelsis að refsa manni fyrir meiðandi gildisdóm á þeirri forsendu að ekki hafi verið staðreynd sannleiksgildi ummæla hans. Gott dæmi er í nýlegum dóm Hæstaréttar sem sýnir þá auknu vernd sem gildisdómar njóta, en sá dómur er *Hrd. 2003 bls. 1553. (382/2003)* og þar kemur fram að gildisdómar í opinberri umræðu um samfélagsleg málefni séu almennt ekki refsiverðir. Það má einnig benda á dóma Hæstaréttar, *Hrd. 1998, bls. 1376 (280/1997)*, *Hrd.*

<sup>10</sup> Eiríkur Jónsson: „Miskabætur vegna ólögmatrar meingerðar gegn æru“, bls. 38-39.

<sup>11</sup> Eiríkur Jónsson: „Miskabætur vegna ólögmatrar meingerðar gegn æru“, bls. 41.



2002, bls. 1212 (306/2001) og Hrd. 2005, bls. 5105 (181/2005) sem frekari dæmi um þýðingu gildisdóma.<sup>12</sup>

Sökum hversu ríkrar verndar gildisdómar njóta getur það skipt miklu málli hvort ummælin séu flokkuð sem gildisdómur eða ekki. Reyndar getur það verið mjög erfitt að meta það hvort ummæli flokkist sem gildisdómur eða staðhæfing um staðreyndir. Mannréttindadómstóll Evrópu hefur þó skýrt gildisdóma með tiltölulega rúmum hætti og gengið nokkuð langt í að flokka ummæli sem slík.<sup>13</sup>

Stundum hefur dómstóllinn ákveðið að líta á ummæli í heild sem gildisdóm, þrátt fyrir að inn á milli séu staðhæfingar sem út af fyrir sig mætti krefjast beinnar sönnunar á. Það er þó ekki sjálfgefið að við þá auknu vernd sem gildisdómar njóta að þeir leiði alltaf til sýknu. Dómstóllinn hefur krafist þess að niðrandi gildisdómar séu settir fram í góðri trú og þeir eigi sér að minnsta kosti einhverja stoð í fyrirbyggjandi staðreyndum. Sumir þeirra geta verið svo móðgandi eða meiðandi að þeir njóta ekki verndar þrátt fyrir að eiga sér stoð í raunveruleikanum.<sup>14</sup>

## 6. Sannindi ummæla

### 6.1 Gildandi réttarreglur

Íslensk löggjöf er misskýr og oftar en ekki eru meginreglur myndaðar út frá dómum hæstaréttar eða reglur túlkaðar út frá lagákvæðum þó þau segi ekki beinum orðum að tiltekin meginregla gildi. Þær réttarreglur sem gilda um sannindi ummæla hafa þróast og myndast í löngu ferli.<sup>15</sup>

Það er ekki tekið fram með beinum orðum í íslensku hegningarlögunum frá 1869 og 1940 að meginreglan „exceptio veritatis“ gildi en þegar ákvæði þeirra eru skoðuð nánar þá má draga ályktun um gildi hennar. Ef litið er til refsilaga nágrannalanda okkar Danmerkur og Noregs má sjá að það er tekið skýrt fram að þau byggja á meginreglunni „exceptio veritatis.“<sup>16</sup>

Þegar meiðyrðamál eru sérstaklega tekin út úr dómasafni Íslands og skoðuð nánar má sjá að miklu skiptir að kanna það hvort umdeildu ummælin séu sönn eða hafi verið réttlætt en það orðalag nota dómara oft í íslenskum meiðyrðamálum. Þrátt fyrir að flestir íslenskir

<sup>12</sup> Eiríkur Jónsson: „Miskabætur vegna ólögætrar meingerðar gegn æru“, bls. 48-49.

<sup>13</sup> Eiríkur Jónsson: „Miskabætur vegna ólögætrar meingerðar gegn æru“, bls. 49.

<sup>14</sup> Páll Þórhallson: *Tjáningarfrelsi*, bls. 376.

<sup>15</sup> Sigurður Línal: *Um lög og lögfræði*, bls. 360-366

<sup>16</sup> Gunnar Thoroddsen: *Fjölmaeli*, bls. 201.

meiðyrðadómar séu áfellis dómar þýðir það ekki að meginreglunni um að sannindi valdi sýknu sé hafnað heldur að ekki tókst að sanna efni ummælanna.<sup>17</sup>

Í nügildandi hegningarlögum frá 1940 er ekki sagt hreint út að sannindi ummæla valdi sýknu heldur er byggt á dómvenju og óumdeildri túlkun hegningarlaga. Nokkur ákvæði eru í nügildandi hegningarlögum um að sönnun leysi ekki undan refsingu við ákveðin tilfelli. Þar ber að nefna 237. gr. en þar segir: „Ef maður bregður manni brigsalum án nokkurs tilefnis, þá varðar það sektum, þótt hann segi satt.“ Einnig segir í 2. mgr. 238 gr.: „Hafi maður, er sætt hefur refsidómi fyrir einhvern verknað, síðar öðlast uppreist æru, er ekki heimilt að bera hann frammar þeim sökum, og leysir sönnun því ekki undan refsingu, er svo stendur á.“ Að lokum er hægt að benda líka á 1. mgr. 238 gr. þar sem lagt er bann við sönnun við vissar aðstæður.<sup>18</sup>

Ofantöld ákvæði eru allt undantekningarreglur sem löggjafanum hefur fundist nauðsynlegt að setja en gagnályktað er frá þeim á þann hátt að meginreglan sé sú að sannleiksgildi ummæla leysi undan ábyrgð. Einnig hlýtur að felast í því að sönnun ummæla losi undan refsingu að heimilt sé að leita gagna til að sýna fram á að ummæli séu sönn.<sup>19</sup> Í greinargerð með því frumvarpi sem varð að almennum hegningarlögum frá 1940, í inngangi athugasemda við XXV. kafla, kemur fram að „ef sá sem fyrir sök er hafður getur sannað að engin hagsmunaröskun hafi átt sér stað, t.d vegna þess að ærumeiðandi ummæli eru sönn.“ Þá er verknaðurinn refsilaus ef sú sönnun tekst en þó ekki án undantekninga. Að lokum er rétt að benda á það að í athugasemdum við 237 gr. frumvarpsins er sagt: „Hér er gerð undantekning frá þeirri reglu, að sönnun leysi undan refsingu.“<sup>20</sup>

Í skaðabótalögum nr. 50/1993 (hér eftir oft nefnd skbl.) er lögfest grein sem gefur möguleika á að fá dæmdar miskabætur vegna ólögætrar meingerðar gegn æru en þá heimild er að finna í b-lið 1. mgr. 26. gr. skbl. en þar segir: „ábyrgð ber á ólögætri meingerð gegn feldi friði, æru eða persónu annars manns greiða miskabætur til þess sem misgert var við.“ Veitt er heimild í ákvæðinu til að dæma miskabætur sem eru bætur fyrir ófjárhagslegt tjón en slíkt tjón er oft nefnt miski. Það að ráðast á æru manna getur bæði valdið fjárhagslegu og ófjárhagslegu tjóni en b-liður 1. mgr. 26. gr. tekur á ófjárhagslega tjóninu. Í framkvæmd þá er það oft óljóst hvert eftirtalinna atriða, frelsi, friði, persónu eða æru er brotið gegn þegar greininni er beitt, en það hefur eingöngu fræðilega merkingu.<sup>21</sup>

<sup>17</sup> Gunnar Thoroddsen: *Fjölmæli*, bls. 202-203.

<sup>18</sup> Gunnar Thoroddsen: *Fjölmæli*, bls. 203.

<sup>19</sup> Einar Arnórsson: „Meiðyrði og meiðyrðamál“, bls. 167.

<sup>20</sup> Alþt. 1939, A-deild, bls. 375

<sup>21</sup> Eiríkur Jónsson: „Miskabætur vegna ólögætrar meingerðar gegn æru“, bls. 30.

Svo að miskabótaheimildin sé virk er hún bundin því skilyrði að um ólögmæta meingerð sé að ræða en ekki þarf að vera refsiverð meingerð til staðar. Svo að ólögmætisskilyrðið sé uppfyllt má ekki vera ábyrgðarleysisástæða í líkingu við sannleiksregluna til staðar.<sup>22</sup> Það er skýrt að nokkru leiti í athugasemdum við 26. gr. í frumvarpi sem varð að skaðabótalögum nr. 50/1993 hvað felist í ólögmætri meingerð. Þar segir: Í skilyrði 26. gr. um ólögmæta meingerð felst að um saknæma hegðun sé að ræða. Gáleysi mundi þó þurfa að vera verulegt til þess að tjónsatvik yrði talið ólögmæt meingerð. Hugtak þetta mundi t.d ekki taka til smávægilegra hrekkja eða stríðni<sup>23</sup>

Rétt er að benda á nokkur atriði sem skipta máli í sambandi við hvort um ólögmæta meingerð sé að ræða eða ekki. Það skiptir ekki máli á hvaða formi hún er svo lengi sem um saknæma árás af tilteknum grófleika er að ræða. Ummæli eru algengust en þó hafa verið dæmdar miskabætur fyrir skopmyndir sbr. *Hrd. 1978, bls. 210*. Einnig *Hrd. 1. mars 2007 (278/2006)* en þar var ólögmæt meingerð gegn friði og persónu vegna opinberrar birtingar ljósmynda. Dómstólar hafa að auki staðfest það að ólögmæt meingerð gegn æru getur falist í ýmsum athöfnum eða ákvörðunum. Þar ber helst að nefna mál sem snúa að uppsögnum, áminningum eða annars konar gjörðum yfirmanna gagnvart undirmönnum sínum. *Hrd. 2000, bls. 869(374/1999)*. snéri að uppsögn sem fól í sér ólögmæta meingerð gegn æru og í *Hrd. 2003, bls. 4366 (145/2003)*, voru dæmdar miskabætur fyrir ólögmæta áminningu.<sup>24</sup>

Dómstólar hafa staðfest að dráttur á rannsókn opinbers máls geti haft í för með sér ólögmæta meingerð gegn æru í skilningi ákvæðisins og ber að vísa í *Hrd. 2003, bls. 1500 (338/2002)*, og *Hrd. 2005, bls. 613 (370/2004)*. Athafnaleysi hefur verið staðfest sem ólögmæt meingerð en það kom skýrt fram í *Hrd. 1999, bls. 390 (177/1998)* en reyndar sem meingerð gegn persónu og frelsi en gera má ráð fyrir að það sama eigi við um æru sbr. orðalag b-liðar 1. mgr. 26. gr. skbl. Efni hinnar ólögmætu meingerðar er ekki takmarkað í ákvæðinu frekar en formið og því getur meingerðin falist í hverri þeirri ærumeiðingu sem lýst er í XXV. kafla hgl. Með tilliti til dómaframkvæmdar er ljóst að efni meingerðarinnar er ekki bundið við þær ærumeiðingar sem eru í hegningarlögum heldur koma öðruvísi árásir til greina, sbr. t.d niðurstaða í *Hrd. 2000, bls. 869(374/1999)*.<sup>25</sup>

Ef skoðaðir eru almennt dómur Hæstaréttar í sambandi við réttlættingu ummæla þá segir dómurinn oftast en ekki hvort ummæli hafi verið réttlætt eða ekki. Hér má benda á nokkra almenna dóma hæstaréttar um það hvort ummæli séu réttlætt eða ekki, *Hrd. 1961, bls. 815*,

<sup>22</sup> Eiríkur Jónsson: „Miskabætur vegna ólögmætrar meingerðar gegn æru“, bls. 31.

<sup>23</sup> Alþt. 1992-93, A-deild, bls 3669

<sup>24</sup> Eiríkur Jónsson: „Miskabætur vegna ólögmætrar meingerðar gegn æru“, bls. 32-33.

<sup>25</sup> Eiríkur Jónsson: „Miskabætur vegna ólögmætrar meingerðar gegn æru“, bls. 34-35.

*Hrd. 1962, bls. 861, Hrd. 1963, bls. 30, Hrd 1971, bls.1012, Hrd 1977, bls. 672, Hrd 1978, bls. 126, Hrd 1981, bls. 652.* Þessir dómur eiga það allir sameiginlegt að réttlætning ummæla er notuð sem varnarástæða.<sup>26</sup>

## 6.2 Rök með reglunni og á móti

Í gegnum tíðina hafa menn ekki verið sammála um þýðingu þess hvort ummæli séu sönn eða ósönn þegar árás á æru manna er um að ræða. Það eru tvær skoðanir ríkjandi í þessum málum, önnur er að sönn ummæli geti aldrei verið ólögleg ærumeiðing en hin er að árás á æru manna skuli refsiverðar hvort sem ummæli séu sönn eður ei. Þessum kenningum skal þó ekki taka bókstaflega því þau refsilög sem byggja á annarri hvorri kenningunni hafa ætíð undantekningar frá meginreglunni. Reynt hefur verið af fræðimönnum að bæta úr helstu göllum kenninganna með margs konar afbrigðum frá aðalreglunni en ávallt þó stuðst við aðra hvora kenninguna. Kenningin þar sem árás á æruna á alltaf að vera refsiverð er rökstudd með ýmsum hætti. Þeir sem styðja hana vilja meina að ærumeiðing sé aðalega óþörf og ástæðulaus friðarröskun. Allir menn eiga rétt til að njóta friðar um einkalíf sitt og þar með engin röskun á friðhelgi einkalífsins leyfileg. Að menn geti ráðist með móðgandi ummælum eða aðdróttunum inn í einkalíf fólks sé fáránlegt og fólk eigi ekki að skipta sér af öðrum um málefni sem er þeim óviðkomandi.<sup>27</sup>

Sterk rök eru þó færð gegn þessari algjöru verndun friðhelgi einkalífs og skulu hér nokkur nefnd:

1. Enginn er svo heilagur að ekki megi tala um hann en slík krafa myndi koma í veg fyrir eðlileg samtöl manna á milli því samræður fjalla oft en ekki um aðra menn.
2. Að einkalíf manna komi ekki öðrum við er ekki rétt því menn eiga það mikil samskipti að það er í rauninni nauðsynlegt að vita um annarra manna hagi.
3. Hver og einn maður verður að bera ábyrgð á gjörðum sínum og takast á við misgjörðir sínar eins og að taka lofi þegar vel er unnið. Þar af leiðandi sé rangt að refsa fyrir sannar frásagnir og ekki sé rétt að veita mönnum ríkari æruvernd en þeir eiga skilið.
4. Það getur hreinlega verið skylda að láta í ljós álit sitt, sbr. t.d vitnaskyldu en í öðrum tilfellum getur verið gríðarlega mikilvægt fyrir almenning að fá vitneskju um atriði sem varða almannaheill.

<sup>26</sup> Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 210-211.

<sup>27</sup> Gunnar Thoroddsen: *Fjölmaeli*, bls. 194-195.

5. Siðgæðisvitund almennings yrði brotin ef alsherjar bann við sönnum niðrandi ummælum væri til staðar. Það frjálsræði að segja sannleikann á að vera til staðar þrátt fyrir að sannleikurinn geti verið sár.<sup>28</sup>

Sú kenning að sönn ummæli eigi að vera refsilaus þótt þau séu móðgandi er fyrst og fremst rökstudd með því að menn eigi rétt til að segja sannleikann hvar og hvenær sem er. Ef fallist væri á þennan rökstuðning væri ósamrýmanlegt honum að viðurkenna undantekningar frá þessum óskoraða rétti til að segja sannleikann. Hins vegar hlýtur sá réttur að takmarkast, þegar menn ráðast inn á lögvarin hagsmunasvið annarra. Sem dæmi er hægt að nefna mann sem setið hefur af sér smáþjófnað fyrir tugum ára og unnið sig upp í góða stöðu í þjóðfélaginu. Samkeppnisaðili notar öll tækifæri til að kalla hann þjóf og minna hann á refsivistina svo aðrir heyri. Það má spyrja sig hvort einhverskonar hagsmunir krefjist þess að svona endurtekin ummæli séu sögð án ábyrgðar og það ber einnig að nefna að auðvelt er að hagræða sannleikanum þannig hann komi illa út fyrir viðkomandi manneskju.<sup>29</sup>

Oft er nefnt sem rök að enginn eigi rétt á að teljast betri en hann er og þess vegna geta ummæli sem eru sönn ekki brotið á rétti einstaklings, þau fjalla um aðilann eins og hann er. Ummælin séu í raun að gefa rétta mynd af persónugildi aðilans. Svo að þetta gangi upp þurfa sönn ummæli alltaf að gefa rétta mynd af persónugildinu og að ummælin hnekki ekki mannorði aðilans meira en hann á í raun skilið. Þessi nauðsynlegu skilyrði geta ekki alltaf staðið því endurtekin ummæli, útbreiðsla þeirra geta haft varanleg áhrif og skemmt en meira fyrir en upphaflegu misgjörðirnar nokkurn tímann gerðu.<sup>30</sup>

Í dómafrankvæmd hefur það verið metið þannig að þegar komið er út fyrir hið dæmigerða svið árása á æruna og háttsemi brýtur með beinum hætti gegn sjálfum kjarna einkalífs þá virðast sjónarmið um sannindi ummæla ekki gilda sem ábyrgðarleysisástæða. Það eru ýmis ákvæði sem banna með beinum hætti að greint sé opinberlega frá einkamálefnum annarra, sbr. m.a. 229. gr. og 230. gr. hgl., en þau eiga stoð í 71. gr. stjks. Slík brot eru almennt ekki felld undir árás á æruna heldur frekar brot gegn friðhelgi einkalífs, og þegar 26. gr. skbl. á við er frekar talað um ólögmetta meingerð gegn persónu en æru. Dæmi um nýlegan dóm er dómur *Hérd. Rvk. 8 des. 2006 (E-1316/2006)* en þar krafðist J þess að ritsjórar DV yrðu sakfelldir fyrir brot gegn 229. gr. hgl. vegna umfjöllunar um einkalíf hennar og dæmdir til að greiða

---

<sup>28</sup> Gunnar Thoroddsen: *Fjölmaeli*, bls. 195-196.

<sup>29</sup> Gunnar Thoroddsen: *Fjölmaeli*, bls. 197.

<sup>30</sup> Gunnar Thoroddsen: *Fjölmaeli*, bls. 197-198.

henni miskabætur fyrir ólögsmæta meingerð gegn persónu hennar. Dómurinn sakfelldi og dæmdi miskabætur skv. 26. gr. skbl. með vísan til ólögsmætrar meingerðar gegn einkalífi J.<sup>31</sup>

Ef við tökum þessar röksemdir saman þá er það ljóst að það er ekki nein ein röksemd sem reglan um „exceptio veritatis“ byggist á heldur fjöldi sjónarmiða sem saman eru lögð og fylgja þeirri meginreglu að sönn ummæli séu refsilaus. En þessi rök sýna það að reglan getur ekki gilt án undantekninga og augljósir annmarkar eru á henni.<sup>32</sup>

## 7. Sönnunarkröfur

Þegar mál koma fyrir dómstóla geta verið ýmsar flækjur til staðar þegar reynt er að sýna fram á sýknu eða sekt. Mál sem fjalla um ærumeiðingar eru engin undantekning þar á og hvað þá þegar reglan um sannleiksgildi ummæla er tekin fyrir. En hvað er það þá sem þarf að sanna til þess að réttlæta ærumeiðingu?

### 7.1 Almennt um sönnun í refsimálum og einkamálum

Í refsilöggjöf eru sett ákveðin skilyrði sem þarf að uppfylla til þess að háttsemin teljist refsiverð og fylgt er ströngum sönnunarreglum um meint brot einstaklings á lögum.

Almenn hegningarlög nr.19/1940 er aðal heimildin á sviði refsiréttar en í þeim má finna almennar reglur sem tengjast öllum refsiverðum brotum og skiptir engu máli hvar þau ákvæði er að finna í löggjöfni. Annar aðal þáttur laganna geymir ákvæði um einstakar botategundir og þar má einmitt finna ákvæðin um ærumeiðingar. Ásetningur er áskilinn að meginstefnu til sem saknæmisskilyrði í hegnl., sbr. 18. gr. hgl., en í sérrefsilögum eru ásetningur og gáleysi yfirleitt lagt að jöfnu.<sup>33</sup>

Þegar maður sannanlega uppfyllir öll refsiskilyrði laga með því að vinna verk eða sinna ekki lagaskyldu hefur hann bakað sér refsíabyrgð. Svo að skilyrði verknaðarlýsingu refsíakvæðis sé uppfyllt þarf verknaðurinn að vera refsínæmur sbr. 1. gr hgl., ólögsmætur og saknæmur sbr. 18. gr. hgl. Einnig þarf að uppfylla skilyrði um sakhæfi og gildissvið refsilaga.<sup>34</sup>

Á sviði sakamálaréttarfars eru helstu deilurnar þær, á hvaða staðreyndum á að byggja á við úrlausn máls. Nokkrar sönnunarreglur eru mjög mikilvægar í opinberu réttarfari og reynir á þær að sjálfsögðu í ærumeiðingarmálum.

---

<sup>31</sup> Eiríkur Jónsson: „Miskabætur vegna ólögsmætrar meingerðar gegn æru“, bls. 47.

<sup>32</sup> Gunnar Thoroddsen: *Fjölmæli*, bls. 199.

<sup>33</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 16-18.

<sup>34</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 37-38.

Það er meginregla í sakamálaréttarfari að dómari hefur frjálst sönnunarmat og er það lögfest í lögum um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 (hér eftir oft nefnd opl.). Í 46. gr. opl. er talað um að dómari meti hverju sinni hvort nægileg sönnun, sem ekki verði véfengd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt og ákvörðun viðurlaga brota. Þar er talað um mat á sönnunargildi skýrslna ákærða og framburðar vitna. Í 47. gr. opl. segir einnig að dómari leggji mat á sönnunargildi staðreynda þótt þær varði ekki beinlínis það atriði sem sanna skal.<sup>35</sup>

Önnur meginregla er sú að sönnunarbyrðin hvílir á ákærvaldinu. Þau réttindi eru meðal annars tryggð í 2. mgr. 70. gr. stjksk. Maður sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi, er tryggður réttur til þess að vera talin saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð. Þessa grundvallarreglu er einnig að finna í 2. mgr. 6 gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. Meginþætti þessara ákvæða er mælt fyrir í 45. gr. opl. en þetta ákvæði hefur verið skýrt þannig að allan vafa um sönnun ber að skýra sökuðum manni í hag.<sup>36</sup> Eiríkur Tómasson segir orðrétt í skrifum sínum að:

„Vegna eðlis sakamála og þess einkanlega að sönnunarbyrðin er lögð á ákærvaldið er eðlilegt að gerðar séu ríkari kröfur til sönnunar í opinberum málum en einkamálum. Það viðhorf virðist ríkja hjá íslenskum dómstólum þótt erfitt sé að fullyrða það vegna þess hve aðstæður og atvik eru ólík frá einu máli til annars.“<sup>37</sup>

Þegar um einkamál er að ræða þá gildir meginreglan um frjálst sönnunarmat dómara en hún er lögfest í 1. mgr. 44. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 (hér eftir oftast nefnd eml.) sem hljóðar svo: „Dómari sker úr því hverju sinni eftir mati á gögnum sem hafa komið fram í máli hvort staðhæfing um umdeild atvik teljist sönnuð, enda bindi fyrirmæli laga hann ekki sérstaklega um í þessum efnun.“ En um þessa grein segir Markús Sigurbjörnsson í handriti sínu um einkamálaréttarfari: „Í þessari stuttorðu reglu er í raun sagt allt, sem segja þarf í lögum um hvað þurfi að sanna hverju sinni í einkamáli.“<sup>38</sup>

Þetta er dæmi um almennar reglur og ákvæði sem gilda um sönnun í einkamálum og opinberum málum. Umfjöllunin um það er aðeins til þess að gefa smá innsýn í þær meginreglur sem gilda fyrir dómstólum um sönnun í dómsmálum, áður en umfjölluninni verður beint að þeim sérstöku reglum sem gilda um sönnunarfærslu þegar reynt er að sýna fram á sannleiksgildi ummæla sem ábyrgðarleysisástæðu.

---

<sup>35</sup> Eiríkur Tómasson: *Meginreglur opinbers réttarfars*, bls. 29.

<sup>36</sup> Eiríkur Tómasson: *Meginreglur opinbers réttarfars*, bls. 30.

<sup>37</sup> Eiríkur Tómasson: *Meginreglur opinbers réttarfars*, bls. 31.

<sup>38</sup> Markús Sigurbjörnsson: *Einkamálaréttarfari*, bls 220.

## 7.2 Sönnunarkröfur þegar um „exceptio veritatis” er að ræða

Sönnunin getur snúið að því hvort hinn meiðyrtri hafi framið ákveðið verk ef ummælin fela í sér aðdróttun um einhvern ákveðinn verknað. Ef aðdróttunin snýr að því að einhver búi yfir einhverjum slæmum eiginleika þarf að sanna það að eiginleikinn sé til staðar. Ef ummælin snúa að því að einhvern mann skorti hæfileika þá þarf að sýna fram á þann skort. Í ljósi þessa er það klárt mál að orðrómur eða einhverjar sögusagnir eru ekki nægar til sönnunar.<sup>39</sup>

Fyrst þarf að athuga hvað felst í ærumeiðingunni áður en sönnun um atvik og staðreyndir fer fram. Rannsaka þarf og skýra ummælin út frá almennum mælikvarða og út frá því með hvaða hætti þau eru sögð. Sérstaklega getur verið hættulegt að skilja orð of bókstaflega. Þar af leiðandi þarf að líta á aðstæður allar í heild sinni þegar meta skal hvernig á að skilja ærumeiðinguna. Nokkur atriði sem líta þarf til sem geta ráðið merkingunni eru, almennur skilningur, hlutlæg atvik, almenn málvenja, aðstæður, tilefni og margt fleira. Það getur verið erfitt að orða einhverja almenna reglu yfir það hvað telst næg sönnun fyrir einstakri ærumeiðingu en þó liggja fyrir nokkur atriði sem dómstólar hafa farið eftir. Hér á eftir verður fjallað um nokkur atriði sem dómstólar skoða sérstaklega þegar athugað er hvort sönnun telst næg.<sup>40</sup>

### 7.2.1 Aðdróttað er um að hinn meiðyrtri hafi gerst sekur um refsivert athæfi

Þegar aðdróttun snýr að ásökun um refsivert athæfi þarf að sýna fram á að hann hafi framið umrætt verk þannig að það sé refsivert bæði hlutlægt og huglægt. Bæði þarf að sanna innri og ytri atvik verksins, ef maður er sakaður um morð er ekki nóg að sýna bara fram á að maður hafi látið lífið af hans völdum ef þetta var af gáleysi. Aðdróttun sem felur aðeins í sér ásökun um gáleysis brot þarf ekki frekari sönnun um að gáleysi hafi átt sér stað ef aðili sem aðdróttunin beinist að hefur verið verið dæmdur fyrir gáleysisbrot. Hentugast er að sanna að ákveðið afbrot hafi átt sér með því að vísa í uppkveðinn refsisdóm, þó er mögulegt að vísa í önnur gögn líka.<sup>41</sup>

Málvenja skiptir máli t.d ef einhver er kallaður glæpamaður þá myndi maður ætla að það sé maður sem fremdi glæpi reglulega eða oftast en einu sinni. En líklega er nóg að sanna á mann einn glæp samkvæmt málvenju til að réttlæta orðið glæpamaður en það þarf þó að vera stórvægilegt brot og svívirðilegt að almenningsáliti. Minni kröfur eru gerðar til sönnunar hlutlægra atvika við ásökun um tilraun til afbrots.<sup>42</sup>

<sup>39</sup> Gunnar Thoroddsen: *Fjölmaeli*, bls. 215.

<sup>40</sup> Gunnar Thoroddsen: *Fjölmaeli*, bls. 215-216.

<sup>41</sup> Gunnar Thoroddsen: *Fjölmaeli*, bls. 216-217.

<sup>42</sup> Gunnar Thoroddsen: *Fjölmaeli*, bls. 216-217.



### 7.2.2 *Glæpsamlegir eða vansæmandi eiginleikar bornir á menn*

Það verður að gera miklar kröfur til sönnunar þegar bornir eru á menn glæpsamlegir eða vansæmandi eiginleikar. Ef ummæli eru ásökun um ámælisverðan eiginleika er ekki nóg að manneskjur sem þekkja manninn telji ágallann vera til staðar. Enn síður ef ókunnugir eða orðrómur segir það, heldur verður að sanna athafnir hans, sem dómurinn síðan byggir á. Almennt álit á manni um að hann sé þjófóttur er ekki nóg til að sanna að maðurinn sé það, heldur verður að sanna þjófnað á hann.<sup>43</sup>

Erfitt getur verið að meta hversu mörg afgangur þurfi til þess að ámælisverður eiginleiki sé talinn sannaður. Ef glæpsamlegt eðli er tekið sem dæmi þá þyrfti eflaust ekki að sanna mörg afbot. Að maður sé þjófóttur ætti að vera nóg að tveir eða fleiri þjófnaðir hafi sannast á hann. Þegar sagt er að maður leggi eitthvað í vana sinn þarf að sanna mörg tilvik til að réttlæta þau ummæli. Þegar aðdróttunin fer að siðferðis eða persónugildi manns í heild verða sönnunarkröfurnar síðar mjög ríkar. Ef aðdróttun beinist að hæfileikum manns til að gegna einhverju starfi til dæmis, þá er eðlilegt að sanna það með framburði yfirmanns hans eða samstarfsmönnum.<sup>44</sup>

### 7.2.3 *Tímasetning ummæla*

Tímasetning ummæla þarf að vera þannig að athöfn sem borin er á mann þarf að vera sönn á þeim tíma sem ummælin eru sögð. Það er klárt mál að ekki nægir að saka mann um eitthvað verk sem þó síðar verður, heldur þarf verkið að vera framið áður en ummælin eru borin fram. Ef þjófnaður er borinn á mann sem engu hefur stolið en hann stelar síðan áður en meiðyrðamálinu er lokið, réttlætir það ekki ummælin.<sup>45</sup>

### 7.2.4 *Ónákvæmni í ummælum*

Það getur valdið vafa hversu miklu máli ónákvæmni í ummælum skipti máli. Það er athugunarefni hversu mikið má út af bregða milli hinna sönnuðu atvika og þeirra ummæla sem eru höfð. Smávægileg ónákvæmni á ekki að skipta miklu máli ef ummælin eru í meginatriðum sönn, en þegar deilt er um ónákvæmni er það alltaf matsatriði hverju sinni. Mikilvægast er að meginatriðin í ærumeiðandi ummælunum séu sönnuð en ekki einhver aukaatriði. Það sem er ærumeiðandi í ummælunum má ekki breytast það mikið við þetta ósamræmi. Ef maður er sagður hafa framið afbrot þá skiptir ekki máli hvort tímasetningunni

<sup>43</sup> Gunnar Thoroddsen: *Fjölmæli*, bls. 218-219.

<sup>44</sup> Gunnar Thoroddsen: *Fjölmæli*, bls. 219-221.

<sup>45</sup> Gunnar Thoroddsen: *Fjölmæli*, bls. 221.

<sup>46</sup> Gunnar Thoroddsen: *Fjölmæli*, bls. 221-222.

<sup>47</sup> Gunnar Thoroddsen: *Fjölmæli*, bls. 222.

skeiki um einn dag til eða frá. Það getur þó skipt miklu máli ef þjófnaður er borinn á mann og sagður hafa verið framin fyrir tveimur árum en var í rauninni framinn fyrir 20 árum síðan. Svona stórt og mikið tímafrávik getur haft afdrifarík áhrif á ærumeiðinguna.<sup>46</sup>

Tímaákvörðunin getur skipt engu máli eða einhverju, en ef fráviknið gerir ummælin meira ærumeiðandi fyrir þann meiðyrta en ef nákvæmlega sannleikurinn hefði verið sagður er ekki hægt að réttlæta ummælin.<sup>47</sup>

Villur í frásögn geta verið mismunandi og þarf að skoða hvert tilvik fyrir sig. Ef maður er sagður hafa stolið hesti myndi sá atburður vera réttlætur þótt öðrum hesti hafi verið stolið nema mikill verðmunur sé á skepnunum. Ekki má saka um alvarlegra verk en í rauninni var framið, ef tekið er sem dæmi að maður hafi drepnið annan mann, en í rauninni var bara um líkamsárás að ræða. Þó er hægt að réttlæta ásökun um smávægilegra brot með sönnun um alvarlegra.<sup>48</sup>

Með þessi atriði í huga sést það greinilega að þó almennt sé heimilt að réttmæta ærumeiðingu með því að sýna fram á sannleiksgildi hennar, þá er það engan vegin svo að í öllum tilfellum sé fram komin sönnun næg til að leysa undan refsingu.

### **7.2.5 Vægari sönnunarkröfur í tilteknum aðstæðum**

Þær aðstæður geta skapast að dómstólar gera vægari kröfur til sönnunar þegar reglunni um sannleiksgildi ummæla er beitt. Sem þýðir að sá sem viðhefur hin ærumeiðandi ummæli getur losnað undan ábyrgð án beinnar sönnunar á ummælum sínum.

Réttur margra ríkja hefur verið með regluí þessa veru í þróun en sérstaklega ber að nefna þegar Hæstiréttur í Bandaríkjunum gekk mjög langt í því að slaka á sönnunarkröfum í máli *New York Times* gegn *Sullivan frá árinu 1964*. Þar snéri dómurinn hreinlega sönnunarbyrðinni við og ber að skilja dóminn þannig að saklaus mistök skuli ekki varða ábyrgð.<sup>49</sup>

Mannréttindadómstóll Evrópu hefur að nokkru leyti farið í átt að þessari leið með því að líta svo á að ósannar staðhæfingar um staðreyndir varði í ákveðnum tilvikum ekki ábyrgð því þær hafi þrátt fyrir allt verið réttlætanlegar með tilliti til aðstæðna. Þetta sjónarmið hefur aðalega birst þegar ummæli eru byggð á því sem fram hefur komið í opinberum skýrslum. Þeir dómur sem helst ber að nefna eru, *MDE, Bladet Tromsø og Stensaas gegn Noregi 20. maí*

---

<sup>48</sup> Gunnar Thoroddsen: *Fjölmaeli*, bls. 222-223.

<sup>49</sup> Eiríkur Jónsson: „Miskabætur vegna ólögætrar meingerðar gegn æru“, bls. 50-51.

1999 (21980/93), MDE, *Selistö gegn Finnlandi* 16. nóvember 2004 (56767/00) og MDE, *Colombani o.fl. gegn Frakklandi* 25. júní 2002 (51279/99).<sup>50</sup>

Þó að ummæli sem höfð eru eftir byggist ekki á opinberri skýrslu heldur eingöngu á því sem aðrir hafa sagt, geta hinar vægari kröfur til sönnunar um staðreyndir átt við. Þar ber sérstaklega að nefna dóm MDE, *Porgeir Porgeirsson gegn Íslandi*, 25. júní 1992 (13778/88)<sup>51</sup> Niðurstöðu dómsins er hægt að skilja á þann veg að endursögn ósannra fullyrðinga annarra sé varin af tjáningarfrelsinu, en með þeim fyrirvara að viðkomandi upplýsi að fullyrðingin komi upphaflega frá öðrum en honum sjálfum og hann sé sannfærður um sannleiksgildi hennar.<sup>52</sup>

Hér á landi geta oft skapast heitar pólitískar umræður og við þær umræður eru oft vafasöm orð látin falla. En svo virðist hér á landi sem Hæstiréttur slaki á sönnunarkröfum um sannleiksgildi ummæla þegar um pólitíska umræðu er að ræða. Það sjónarmið má sjá í eftirfarandi dómi.

***Hrd. 2000, bls 4506(272/2000)***

Dómurinn sýknaði í þessu meiðyrðamáli S sem höfðað var af bankaráðsmanni Landsbankans. Þau ummæli sem S lét falla og aðalega var deilt um voru: „Þó var okkur sagt sem stóðum í forsvari fyrir viðræðum við bankann að [K] legðist gegn því að Landsbanki Íslands ætti viðskipti við félag, sem [J] ætti aðild að.“ Þessi ummæli taldi Hæstiréttur að lytu ekki að ákvarðanatökunni sjálfri heldur því sem bankastarfsmenn hefðu borið fyrir sig óformlega. Hæstiréttur taldi að S þyrfti að leiða fyrir dóm þá bankastarfsmenn sem komu að lánveitingunni til að sýna fram á að þetta hefði forsjármönnum félagsins verið sagt. Í framhaldi af því taldi Hæstiréttur að ekki yrði lagt á S að sanna ummælin þar sem sönnunarfærslan myndi reynast honum óhæfilega erfið. Í sératkvæði kom fram að stefndi hafi enga tilraun gert til þess að sanna ummæli sín. Ekkert væri leitt í ljós að með því að krefjast þess af honum væru gerðar til hans óhæfilega strangar kröfur.

Með þennan dóm í huga þá sést að pólitísk umræða getur haft mikil áhrif í ærumeiðingarmálum. Sönnunarkröfur geta því verið vægari um sannleiksgildi ummæla við ýmiss tilfelli og aðstæður sem þarf að vega og meta.<sup>53</sup>

## **8. Undantekningar frá „exceptio veritatis”**

Í nógildandi hegningarlögum er kveðið á um margar meginreglur en meginreglurnar gilda þó ekki alltaf án undantekninga. Hegningarlögin íslensku verða túlkuð þannig að sönn ummæli geta eftir atvikum verið refsiverð ærumeiðing. Umfjöllunin mun næst beinast að þeim undantekingum sem gilda um meginregluna „exceptio veritatis.“

<sup>50</sup> Eiríkur Jónsson: „Miskabætur vegna ólögætrar meingerðar gegn æru“, bls. 51.

<sup>51</sup> Eiríkur Jónsson: „Miskabætur vegna ólögætrar meingerðar gegn æru“, bls. 52.

<sup>52</sup> Eggen: Vernet om ytringsfriheten etter art. 10 i Den europeiske menneskerettighetskonvensjon.

<sup>53</sup> Eiríkur Jónsson: „Miskabætur vegna ólögætrar meingerðar gegn æru“, bls. 52-53.

Í íslensku hegningarlögunum frá 1940 eru lögfest undantekningarákvæði frá meginreglunni um sannleiksgildi ummæla og er það gert í 237. og 238. gr. hgl. Þessar undanþágur koma fram með misjöfnum hætti en hér verður upptalning á því hvernig þær birtast. Fyrst ber að nefna það að ummælin mega ekki vera í óviðeigandi formi eða borin fram með ótilhlýðilegum hætti. Þar að auki má tilefni ummælanna ekki vera smávægilegt að allt niður í ekkert. Einnig ef aðili sem ummælum er beint að hefur afplánað brot það sem ummælin eru um. Að lokum mega ummælin ekki stjórna af illum hvötum og höfð í því skyni að eingöngu móðga og særa aðila. Undanþága er einnig frá reglunni ef með ummælunum er öðrum hagsmunum en persónulegum ærurétt raskað.<sup>54</sup>

## 8.1 Form ummæla

Þrátt fyrir að sýnt sé fram á að ummæli séu sönn er ekki þar með sagt að hægt sé að segja hvað sem er í hvaða formi sem er. Form ummæla getur falið í sér þvílíka móðgun og óvirðingu að refska skuli fyrir ummælin. Ummæli sem sett eru fram með óviðeigandi hætti eru því refsiverð. Íslensk hegningarlög frá 1869 höfðu engin fyrirmæli um form ummæla í tengslum við sannleiksregluna en þó má finna dóma frá þeim tíma þar sem refskað er fyrir ummælin ein og sér ef þau eru með ótilhlýðilegum hætti. Því var aðdróttunin ein og sér refsilaus en t.d tilgangslausu móðgunarorðin refsiverð. Horft var til 270. gr. dönsku hegningarlaga þegar frumvarp til nógildandi hegningarlaga var lagt fyrir Alþingi. Í 237. gr. var regla um ef aðdróttun væri borin á ótilhlýðilega móðgandi hátt mætti beita refsingu samkvæmt 234. gr. enda þótt sönnur hafi verið á hana færðar. Á Alþingi var þessari reglu þó breytt og gekk hún ekki í gegn og er því 237. gr. orðuð eins og hún er í dag.<sup>55</sup>

Hugsanlega kann aðdróttun að vera höfð uppi á ótilhlýðilegan hátt vegna sérstækra aðstæðna, t.d þar sem hópur fólks er kominn saman. Orðalag getur haft áhrif ef aðdróttunin er stórlega ýkt og við þessar aðstæður gerir form ummælanna það að verkum að sannleiksreglan gildir ekki fullum fetum.<sup>56</sup> Í *Hérd. Rvk. 31 okt. 2007 (E-1316/2007)* sem staðfestur var í dómi *Hrd. 2. okt. 2008 (653/2007)*, sagði dómurinn: „Enda þótt ofangreind ummæli séu sett fram sem vangaveltur Þorsteins Svans er ósannað, sbr. það sem áður er rakið, að ummælin séu eftir honum höfð. Ummælin eru tilhæfulaus, ærumeiðandi og óviðurkvæmileg í því samhengi sem þau eru fram sett og ber að ómerkja þau.“ Af dóminum má ráða að form ummælanna hafi meðal annars áhrif.

<sup>54</sup> Gunnar Thoroddsen: *Fjölmaeli*, bls. 204.

<sup>55</sup> Gunnar Thoroddsen: *Fjölmaeli*, bls. 205.

<sup>56</sup> Einar Arnórsson: „Meiðyrði og meiðyrðamál“, bls. 170.

## 8.2 Tilefni ummæla

Í almennum hegningarlögum er tekið á því ef borin eru fram ærumeiðandi ummæli án tilefnis þó sönn séu. En þessa reglu má finna í 237. gr. hgl. og er hún svo hljóðandi „Ef maður bregður manni brigzlum án nokkurs tilefnis, þá varðar það sektum, þótt hann segi satt.“

Það má spyrja sig hvernig á að túlka orðin „án tilefnis“ en í greinargerð hegningarlagafrumvarpsins var þessi hluti 237. gr. skýrður þannig: „Að jafnaði mundi það vera talið ótilhlýðilegt að brigsla manni að ástæðulausu um refsivert eða vansæmandi verk, er hann hefði framið.“<sup>57</sup> Það kemur fram skýrt í dómi *Hrd. 2001, bls. 1212 (306/2001)* að sönnun ummæla breytir engu ef ummæli eru látin falla að ófyrirsynju.

Einnig má taka út orðið brigsl úr 237. gr. og athuga hvað það merkir nákvæmlega. Orðið brigsl merkir harðorða eða illorða aðróttun um æruskerðandi verknað, en annars er hugtakið ekki ákveðið.<sup>58</sup> Það má ráða af dómi *Hrd. 1967, bls. 264.* að gæta verði hófs í framsetningu ummæla en þar var farið mjög hörðum orðum um bankaviðskipti hæstaréttardómara.

Beita mætti greininni í því tilviki þegar ummæli eru höfð í því skyni að ná sér niðri á aðila og hreinlega af illum hvötum. Þá sérstaklega ef langt er síðan athöfn sú sem ummælin ná til var framkvæmd.<sup>59</sup>

## 8.3 Ummæli um afbrot eða afglöp sem langt er liðið frá

Það að menn geri mistök sem geta haft þær afleiðingar að trúverðugleiki þeirra minnkar og álit fólks á aðilanum bíður hnekki þá þýðir það ekki að hægt sé að hrópa og minnast á þessi ummæli ítrekað löngu seinna. Menn geta gert ýmis mistök á sínum yngri árum og þykir það ekki sanngjarnt að hægt sé að koma í veg fyrir að menn hljóti uppreist í lífinu með því að minnast ítrekað á fyrri afglöp þeirra. Þetta á sérstaklega við þegar menn hafa tekið út refsingu sína og réttarkerfið fellt sinn dóm. Í núgildandi hegningarlögum er gert ráð fyrir þessum sjónarmiðum með lögfestingu 238. gr. 2. mgr. en ekkert ákvæði var í hegningarlögnum frá 1869 sem tók á þessum atriðum. En 238. gr. hljóðar svona: „Hafi maður er sætt hefur refsidómi fyrir einhvern verknað, síðar öðlast uppreist æru, er ekki heimilt að bera hann framfar þeim sökum, og leysir sönnun því ekki undan refsingu, er svo stendur á.“<sup>60</sup>

Rökin fyrir setningu þessarar greinar er að maður á ekki að þola um aldur og ævi að honum sé brigslað um afbrot sem hann hefur jafnvel setið af sér og er gleymt í huga fólks. Slíkt getur valdið miklum skaða fyrir mann sem hefur jafnvel unnið sig upp metorðastigann af

<sup>57</sup> Alþt. 1939, A-deild, bls. 375.

<sup>58</sup> Einar Arnórsson: „Meiðyrði og meiðyrðamál“, bls. 170.

<sup>59</sup> Gunnar Thoroddsen: *Fjölmaeli*, bls. 205.

<sup>60</sup> Gunnar Thoroddsen: *Fjölmaeli*, bls. 206.

mikilli háttvísi og heiðarleika. Dæmdur maður sem hefur fengið sína refsingu á að njóta mannréttinda eins og aðrir í þjóðfélaginu en samkvæmt 2. mgr. 238. gr. er ekki skilyrði að hann hafi tekið út alla refsinguna svo að sönn meiðyrði séu refsiverð.<sup>61</sup>

Einnig ber þess að geta að ekki skiptir máli samkvæmt hvaða grein hegningarlaginna sá sem ummælin beinast að fékk uppreist æru sinnar né hvort ummælandi hafi haft hugmynd um uppreistina. Þegar um er að ræða beitingu 2. mgr. 238. gr. skiptir ekki máli hvort mál sé höfðað af ákærvaldinu eða einstökum manni.<sup>62</sup>

Nýlegt dæmi er þar sem ýmiss ummæli voru látin falla af blaðamanni um fortíð og fyrri afgang Árna Johnsen en Árna fannst brotið á æruvernd sinni. Ef Árni hefði ekki hætt við málsóknina þá liggur það fyrir að reynt hefði m.a á 238. gr. hgl.<sup>63</sup>

#### 8.4 Hvatir ummæla

Hvatir ummæla geta skipt máli við mat á því hvort sönn ummæli séu refsiverð eða refsilaus. Í enskri löggjöf er skýrt kveðið á um hvatir ummæla í opinberum refsimálum. Í þeim löndum þar sem eru skýr lög eru um hvatir ummæla, þá eru sönn ummæli refsiverð ef á bakvið þau eru illar hvatir en refsilaus ef sannað er að hvatir mælanda séu góðar.

Í löggjöf þar sem engin skýr ákvæði eru um þýðingu hvata til sannleiksreglunnar liggur það svolítið á reiki um þýðingu hvatanna en fræðimenn hafa þó sagt hvatirnar skipta máli við vissar aðstæður. Við skýringu 237. gr. hgl. geta góðar eða illar hvatir skipt máli ef ummælin eru án nokkurs tilefnis.<sup>64</sup>

Í nýlegri dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu hafa línurnar um tilgang ummæla verið skýrðar betur. Í máli *MDE, Þorgeir Þorgeirsson gegn Íslandi*, 25. júní 1992 (13778/88) taldi dómstóllinn tilgang höfundar göfugan en hann var að hvetja dómsmálaráðherra til að hrinda af stað rannsókn á lögregluofbeldi. Með þennan tilgang í huga taldi dómstóllinn að orðfærið sem höfundur notaði hefði ekki keyrt úr hófi.<sup>65</sup>

Ef tilgangur ummæla er eingöngu að særa eða lítilsvirða njóta ummælin almennt ekki verndar tjáningarfrelsisins en þessu sjónarmið í þessar veru kemur fram í dómi *Hérd. Rvk. 14. júní 2004 (E-129/2004)* og *Hrd. 30 mars. 2006 (490/2005)*.<sup>66</sup>

<sup>61</sup> Gunnar Thoroddsen: *Fjölmaeli*, bls. 207.

<sup>62</sup> Einar Arnórsson: „Meiðyrði og meiðyrðamál“, bls. 171.

<sup>63</sup> „Árni hættir við málsókn á hendur Agnesi“, Bls. 9.

<sup>64</sup> Gunnar Thoroddsen: *Fjölmaeli*, bls. 207.

<sup>65</sup> Páll Þórhallsson: „Tjáningarfrelsi“, bls. 377.

<sup>66</sup> Eiríkur Jónsson: „Miskabætur vegna ólögþráttar meingerðar gegn æru“, bls. 78.

## 8.5 Meiðandi ummæli sem skerða lögvarða hagsmuni

Með meiðandi ummælum er ekki eingöngu hægt að brjóta á persónulegum ærurétti einstaklings heldur líka öðrum lögvörðum hagsmunum. Hegningarlögin taka á þessu í sérstökum köflum, öðrum en þar sem hinar venjulegu ærumeiðingar eru. Sérstaklega þyrfti að skoða það hvort sannindi ummæla hafi sömu réttaráhrif og þegar um hinar venjulegu ærumeiðingar er að ræða. Þar sem þessi ákvæði hafa kannski ekki jafn mikið gildi í nútímasamfélagi og þegar þau voru lögfest verður eingöngu vísað til þeirra. Í 101. gr. hgl. er fjallað um móðganir við forsetann, þann, sem forsetavald hefur á hendi og nánustu vandamenn hans. Einnig er í 94. gr. hgl. heimilaður refsiauki við brotum í kafla XXV. hgl. ef brotið beinist að þjóðhöfðingja erlends ríkis eða sendimönnum hér á landi.<sup>67</sup>

## 9. Réttarfarsatriði

Hér á undan hefur verið farið yfir ýmsar reglur sem tengjast meginreglunni um sannleiksgildi ummæla. Bæði hvernig hún leysir undan ábyrgð og einnig undantekningar frá henni. Þrátt fyrir þessi atriði getur verið að hreinlega sé bannað að sýna fram á sannleiksgildi ummæla þegar sakað er um ærumeiðingu, þar af leiðandi sönnunarfærslan óheimil. Þegar um slíkt bann er að ræða þá fer það þannig fram að dómstólar skulu sjálfkrafa hindra sönnunartilraun eða þá að hinn meiðyrti fer fram á það. Þetta eru hrein réttarfarsatriði en ekki efniseglugur um takmörk og ólögmati ærumeiðinga. Þrátt fyrir það er nauðsynlegt að fara yfir þessi atriði.<sup>68</sup>

Það þekkist í hegningarlögum t.d á Norðurlöndum að þau útiloka sönnun, sem dæmi um þannig atvik er ef maður sem áður hefur verið sýknaður er sakaður um sama refsiverða athæfið aftur. Í íslenskum hegningarlögum 1. mgr. 238 gr. er talað um útilokun sönnunar en greinin hljóðar svo: „Ekki er heimilt að færa fram í máli út af meiðyrðum sönnur fyrir refsiverðum verknaði, sem sá, er þeirri sök er borinn, hefir verið sýknaður af með fullnaðardómi í opinberu refsímáli hér á landi eða erlendis.“ Rökin fyrir þessari reglu eru að það væri ekki skynsamlegt að hver og einn gæti fengið færi á endurmati í einkamáli á refsímáli sem þegar þegar hefur verið dæmt fyrir dómstólum.<sup>69</sup>

Þó eru nokkur skilyrði fyrir því að 1. mgr. 238. gr. sé beitt og hér á eftir kemur stutt umfjöllun um hvert og eitt atriði.

<sup>67</sup> Gunnar Thoroddsen: *Fjölmaeli*, bls. 207-210.

<sup>68</sup> Gunnar Thoroddsen: *Fjölmaeli*, bls. 211.

<sup>69</sup> Gunnar Thoroddsen: *Fjölmaeli*, bls. 211-212.

- a) Sönnunarbannið gildir í máli út af meiðyrðum. Sem þýðir að það nær bæði til einkamála og opinberra mála. Hér er um að ræða ærumeiðingar almennt og nær bannið því ekki einungis til ærumeiðinga í þröngri merkingu.
- b) Sýknudómur þarf að vera kveðinn upp í opinberu refsímáli. Þegar sýknað er þarf að vera um að ræða fullnaðardóm en dómar hæstaréttar uppfylla það skilyrði. Ef um er að ræða óáfrýjaðan sýknudóm héraðsdóms þá uppfyllir það líka skilyrðinu um fullnaðardóm
- c) Aðili þarf að hafa verið sýknaður af refsiverðum verknaði. Ef dómari telur sannað að ákærði hafi ekki brotið af sér er þessu fullnægt. Ef ákærði er sýknaður sökum fyrningar eða sakhæfisskorts er ólíklegt að það félli undir 238. gr.
- d) Það þarf að vera einn og sami maðurinn sem meiðyrtur er og sá sem sýknaður var. 238. gr. gildir einnig ef látinn maður er sakaður um verknað sem hann hafði verið sýknaður af og ættingjar hans höfða síðan meiðyrðamál. Einnig er það klárt mál að sönnunarbannið hjálpar ekki hlutdeildarmönnum þess sem sýknaður var.
- e) Það þarf að vera sá hinn sami verknaður sem brigzlað er um og sýknað var af.
- f) Þó að sá meiðyrtri samþykki sönnunarfærsluna dugir það ekki. Það kemur skýrt fram í greinargerð hegningarlaga um 238. gr. að vísa skuli frá ex officio jafnvel þótt samþykki liggja fyrir.<sup>70</sup>
- g) Ef aðstæður eru þannig að refsímál er tekið upp aftur samkvæmt 191. gr. 1. 82/1961 og refsíðómur gengið. Við þær aðstæður er sönnun í meiðyrðamáli ekki útilokuð samkvæmt 1. málsg. 238. gr.<sup>71</sup>

Þó að ofangreind atriði séu í raun réttarfarsatriði þá sýna þau hversu mörgu þarf að huga að þegar reynir á „exceptio veritatis“ fyrir dómstólum.

<sup>70</sup> Gunnar Thoroddsen: *Fjölmaeli*, bls. 212-214.

<sup>71</sup> Einar Arnórsson: „Meiðyrði og meiðyrðamál“, bls. 168.



## 10. Lokaorð

Sú umfjöllun sem hér hefur farið fram er alls ekki tæmandi en reynt hefur verið að varpa ljósi á það hvernig meginreglunni um „exceptio veritatis“ er beitt í réttarframkvæmd og einnig hefur verið fjallað um forsögu hennar. Umfjöllunin ætti að gefa nokkuð góða sýn á þau réttaráhrif sem reglan skapar og einnig um þær misjöfnu sönnunarkröfur sem gerðar eru. Meginregla þessi er ekki óumdeild og hefur skapast umræða um hana þar sem sterk rök hafa verið færð með henni og einnig á móti. Það er sjaldnast sem hlutirnir eru annað hvort svartir eða hvítir og því mun eflaust vera deilt um í nánustu framtíð, um meginskilyrði reglunnar og tilvist.

Síðustu ár hefur orðið gífurleg þjóðfélagsþróun þar sem upplýsingaflæðið hefur verið allsráðandi. Internetið er orðið einn stærsti hlutinn af lífi og vinnu manna í nútíma samfélagi. Þau tækifæri til að tjá sig sem almenningur hefur fengið í þróun þessari hefur hann nýtt sér svo um munar. Í kjölfarið hefur umræða orðið opnari um þjóðþekkta einstaklinga eða einhver atvik sem hafa skapað mikil viðbrögð þjóðfélagsins. Við þessa breyttu hegðan manna hafa skapast fleiri atvik þar sem menn telja að mannorð sitt hafi beðið hnekki. Löggjafinn þarf því að vera vakandi fyrir þeim breytingum sem hafa átt sér stað og taka á því ef þörf krefur. Æruverndin myndar togstreitu milli tjáningarfrelsisins og friðhelgi einkalífs, því er mikilvægt að þau viðmið sem gilda í þjóðfélaginu séu virt þannig að nægilegt tillit sé tekið til tjáningarfrelsisins og friðhelgi einkalífs.

Mikil þróun hefur verið í ærumeiðingarmálum á undanförunum árum og má sjá ýmsar breytingar í dómaframkvæmd. Tjáningarfrelsið virðist vera að fá aukið mikilvægi og því verður að líta til þeirra ábyrgðarleysisástandna sem eiga við ærumeiðingar. Það helst í hendur að því sterkari rétt sem þú hefur til að tjá þig þá eru góðar líkur á því að reglur á við „exceptio veritatis“ verði sterkari í dómaframkvæmd. Mannréttindareglur eru í stöðugri þróun og því erfitt að spá um hvernig þessi ábyrgðarleysisregla þróast en ljóst er að það mun reyna á hana í náninni framtíð.

## HEIMILDASKRÁ

*Alþingistiðindi.*

„Árni hættir við málsókn á hendur Agnesi“. Morgunblaðið, 10 september 2008, bls. 9.

Eggen, Kyrre. *Vernet om ytringsfriheten etter art. 10 i Den europeiske menneskerettighetskonvensjon*. Ósló, 1994.

Einar Arnórsson: „Meiðyrði og meiðyrðamál“. *Tímarit Lögfræðinga*, 3. hefti 1952, bls. 123-178.

Eiríkur Jónsson: „Miskabætur vegna ólögmatrar meingerðar gegn æru“. *Úlfjótur*, 1. tbl. 2007, bls 25-96.

Eiríkur Tómasson: *Meginreglur opinbers réttarfars*, Reykjavík 2002.

Gunnar Thoroddsen: *Fjölmaeli*. Reykjavík 1967.

Jónatan Þórmundsson: „Samþykki brotþola og réttaráhrif þess“. *Úlfjótur*, 4. tbl. 1998, bls. 465-473.

Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsiaþbyrgð I*. Reykjavík 1999.

Markús Sigurbjörnsson: *Einkamálaréttarfar, Handrit til kennslu*, 2. útgáfa. Reykjavík 2003.

Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur. Meginþættir réttarumhverfis fjölmiðlanna*. Reykjavík 1997.

Páll Þórhallson: „Tjáningarfrelsi“. *Mannréttindasáttmáli Evrópu. Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt*. Reykjavík 2005, bls. 359-389.

Sigurður Línal: *Um lög og lögfræði*. Reykjavík 2002.

## DÓMASKRÁ

### Dómar Hæstaréttar Íslands:

*Hrd. 1961, bls. 815*  
*Hrd. 1962, bls. 861*  
*Hrd. 1963, bls. 30*  
*Hrd. 1967, bls. 264*  
*Hrd 1971, bls.1012*  
*Hrd 1977, bls. 672*  
*Hrd 1978, bls. 126*  
*Hrd. 1978, bls 210*  
*Hrd 1981, bls. 652*  
*Hrd. 1993, bls. 1409*  
*Hrd. 1998, bls. 1376 (280/1997)*  
*Hrd. 1999, bls. 390 (177/1998)*  
*Hrd. 2000, bls. 869(374/1999)*  
*Hrd. 2000, bls 4506 (272/2000)*  
*Hrd. 2001, bls. 1212 (306/2001)*  
*Hrd. 2002, bls. 1212 (306/2001)*  
*Hrd. 2003 bls. 1553 (382/2003)*  
*Hrd. 2003, bls. 1500 (338/2002)*  
*Hrd. 2003, bls. 4366 (145/2003)*  
*Hrd. 2005, bls. 613 (370/2004)*  
*Hrd. 2005, bls. 5105 (181/2005)*  
*Hrd. 30 mars. 2006 (490/2005)*  
*Hrd. 1. mars 2007 (278/2006)*  
*Hrd. 2. okt. 2008 (653/2007)*

### Dómar héraðsdóms:

*Hérd. Rvk. 14. júní 2004 (E-129/2004)*  
*Hérd. Rvk. 8 des. 2006 (E-1316/2006)*

### Dómar Mannréttindadómstóls Evrópu:

*MDE, Þorgeir Þorgeirsson gegn Íslandi, 25. júní 1992 (13778/88)*  
*MDE, Bladet Tromsø og Stensaas gegn Noregi 20. maí 1999 (21980/93)*  
*MDE, Colombani o.fl. gegn Frakklandi 25. júní 2002 (51279/99)*  
*MDE, Selistö gegn Finnlandi 16. nóvember 2004 (56767/00)*

### Bandarískir dómar:

*Dómur Hæstaréttar Bandaríkjanna í New York Times gegn Sullivan frá 1964*

